

**Sp.**

## **62. Tillaga til þingsályktunar**

[62. mál]

um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanna, framvegis metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna. Jafnframt verði tryggt að þeir starfsmenn, sem nú falla undir kjarasamning ríkisins og BSRB, njóti þessa réttar sé hann þeim ekki þegar tryggður.

### **Greinargerð.**

Tillagan miðar að því að hið opinbera sem atvinnurekandi meti til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust á heimilum landsins. Hún felur í sér að þeir sem haft hafa ólaunuð heimilisstörf að aðalstarfi njóti sama réttar til starfsaldursþéttunnar og þeir sem fengið hafa starfsreynslu sína við launuð störf hjá hinu opinbera ráðist þeir sem heimilisstörf hafa stundað til launaðra starfa hjá ríki eða sveitarfélögum. Tillagan tekur einnig til þeirra opinberra starfsmanna sem rétt ættu til starfsaldurshækkanna samkvæmt tillögunni en hafa ekki þegar notið fullra starfsaldurshækkanna.

Í aðalkjarasamningi ríkisins og BSRB eru nú ákvæði um starfsaldurshækkanir á þann veg að til fulls starfsaldurs teljist sá tími sem starfsmaður hefur tekið laun skv. launakerfi opinberra starfsmanna og unnið hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum sem styrktar eru af almannafé. Það er einnig ljóst af samningum að ráðist húsmóðir án starfsreynslu til starfa hjá hinu opinbera tekur það hana 5 ár að ná þriðja launabætti þess launaflokks sem hún tekur laun samkvæmt nema hún sé 32 ára eða eldri þegar hún hefur störf hjá hinu opinbera. Tillagan miðar að því að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að hið opinbera meti jafngilda starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf og þá reynslu sem störf á vegum hins opinbera veita til starfsaldurshækkanna. Í tillögunni er því gert ráð fyrir að hið opinbera viðurkenni starfsreynslu við heimilisstörf án tillits til eðlis þess starfs sem unnið er hjá hinu opinbera. Það skal einnig tekið fram að starfsmaður telst hafa heimilisstörf sem aðalstarf á meðan hún eða hann gegnir ekki hálfu starfi eða meira úti á vinnumarkaðinum.

Í heimilisstörfum felst margvísleg reynsla sem ekki nýtist síður við launuð störf en almenn reynsla fengin á vinnumarkaðinum. Má þar nefna þætti eins og frumkvæði, sjálfstæði, ábyrgð og meðferð fjármuna en það eru þættir í launuðum störfum sem einna hæst eru metnir til launa á vinnumarkaðinum. Í annan stað sæta þeir sem inna af hendi ólaunuð heimilisstörf stórlega skertum ævitekjum miðað við þá sem geta óhindrað gegnt launuðum störfum alla starfsævi sína. Í þessu er m. a. fólgin efnahagsleg mismunur kynjanna en í langflestum tilvikum eru ólaunuð heimilisstörf unnin af konum. Það kemur þó vitaskuld ekki í veg fyrir að karlar, sem sinna ólaunuðum heimilisstörfum sem aðalstarfi, njóti þeirra réttinda sem tillagan kveður á um.

Ekki liggja fyrir neinar tölur sem sýna fram á hversu þjóðhagslega mikilvæg heimilisstörf eru. Fæstum blandast þó hugur um að heimilisstörf eru ekki síður mikilvæg en önnur störf sem unnin eru í þjóðfélaginu. Tillagan er því réttlætismál og gefur tilefni til að sýna í verki, þó í litlu sé, að ríkið meti í raun einhvers þjóðhagslegt mikilvægi ólaunaðs vinnuframlags kvenna.